

Sandbrún ehf
Kt.: 540998-2219
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 04.01.2023
Tilv. 2021-11-29-2868

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Brottkast. Rifsari SH-70 (1856).

I. Málsvik

Fiskistofa hefur til meðferðar mál er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Rifsari SH-70, skipaskrárnúmer 1856, dagana 16. og 23. nóvember 2021 gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Málið hófst með skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 29. nóvember 2021.

Þar kemur fram að þann 16. nóvember 2021, um kl. 12:11, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit með veiðum fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856). Við eftirlitið var notast við fjarstýrt, ómannað flugfar með myndavél. Tekið var á loft frá Rifi og flogið um 2,8 km að skipinu og fylgst með þegar skipverjar drógu veiðarfæri (dragnót) um borð. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst sást skipverji henda fiski fyrir borð og var þá myndupptökubúnaður flugfarsins virkjaður. Eftir það sást til skipverja viðhafa brottkast á fiski. Á myndbandsupptöku sést þegar fimm ýsum og tveimur kolum var varpað fyrir borð, samtals sjö fiskum af þekktum tegundum. Jafnframt sést þegar skipverjar vörpuðu fyrir borð afla sem safnað hafði verið í körfu; allt að tuttugu bolfiskum af óþekktum tegundum. Í sömu skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, kemur fram að þann 23. nóvember 2021 um kl. 14:04 voru veiðieftirlitsmenn á ný við eftirlit með veiðum fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856). Við eftirlitið var notað fjarstýrt, ómannað flugfar með myndavél. Tekið var á loft frá Hellisandi og flogið um 2,8 km að skipinu og fylgst með þegar skipverjar drógu veiðarfæri (dragnót) um borð. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst sást skipverjar henda fiski fyrir borð og var þá myndupptökubúnaður flugfarsins virkjaður. Eftir það sást til skipverja viðhafa brottkast á fiski. Á myndbandsupptöku sést þegar tuttugu og einum sandkola og einum þorski var varpað fyrir borð, samtals tuttugu og tveimur fiskum af þekktum tegundum.

Á þeim myndbandsupptökum sem liggja fyrir í málinu sést til skipverja varpa fyrir borð *samtals tuttugu og níu (29) tegundagreinanlegum fiskum* sem komið höfðu í veiðarfæri skipsins, ýmist bakborðsmegin eða stjórnborðsmegin. Í málinu er því áhöfn fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996.

II. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 11. ágúst 2022 (tilv. 2021-11-29-2868), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 17. ágúst 2022 hafði forsvarsmaður málsaðila samband við Fiskistofu vegna málsins símleidis. Óskaði hann upplýsinga um hvort málið yrði kært til lögreglu en eins og málsatvikum var háttað, og með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn var frá meintum brotum, var honum tjáð að Fiskistofa hefði ekki í hyggju að kæra meint brot til lögreglu. Var málsaðili hins vegar hvattur til að leggja fram

athugasemdir en málsaðili var óviss með það. Þann 29. ágúst 2022 óskaði málsaðili eftir að fá afhentar þær myndbandsupptökur sem liggja fyrir í málinu og var þeim deilt til hans 7. september 2022. Í erindi málsaðila frá 29. ágúst 2022 vísaði hann til þess að öllum líkindum hafi verið um að ræða ónothæfan/ónýtan afla sem varpað var fyrir borð í umræddum veiðiferðum. Málsaðili kom á framfæri við Fiskistofu að honum þætti málið miður og vildi vekja athygli á því að breytingar væru að eiga sér stað í áhöfn skipsins þar sem nýr skipstjóri er að taka við og vonaðist hann til þess að málið fengi ekki frekari meðhöndlun af hálfu Fiskistofu. Engar frekari athugasemdir eða andmæli málsaðila bárust Fiskistofu eftir að myndbandsupptökum var deilt til hans. Ákvörðun Fiskistofu tekur mið af athugasemdum málsaðila frá 29. ágúst 2022, fyrirleggjandi gögnum og málsatvikum að öðru leyti.

III. Lagagrundvöllur

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnábyrgðingum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsinaemi athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsiaþbyrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint var áhöfn fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856) uppvís að brottkasti við eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu í tvígang úti fyrir Snæfellsnesi (Rífi og Hellissandi), dagana 16. og 23. nóvember 2021. Lögskráður skipstjóri í umræddum veiðiferðum, er mál þetta varðar, var X, kt. [...]. Í athugasemdum sínum vísaði málsaðili til þess að eflaust hafi verið um ónýtan afla að ræða sem varpað var fyrir borð í umræddum veiðiferðum. Ástand afla leysir áhöfn ekki undan skyldu sinni til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu. Jafnframt er skipstjóra heimilt að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins (VS-afli). Með vísun til framangreinds ítrekar Fiskistofa að áhöfn fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856) hafi verið skylt að hirða og landa öllum þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins umrædda daga, hvort sem hann var lítill, lúsétinn, ónothæfur eða skemmdur á annan hátt.

Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á skýrslu veiðieftirlitsmanna þar sem þeir lýsa því sem þeir upplifðu af eigin raun við skyldustörf. Eftirlitsaðferðin í umrædd skipti fólst í því að veiðieftirlitsmenn höfðu eftirlit með aðstoð ómannaðs, fjarstýrðs loftfars búíð myndupptökubúnaði, þar sem myndefnið var þeim sýnilegt í rauntíma en einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eru sérfróðir opinberir starfsmenn sem hafa enga hagsmuni af úrlausn mála. Þeir eftirlitsmenn sem sinna eftirliti með notkun dróna hafi fengið sérstaka fræðslu um persónuvernd og lokið námskeiði ríkislögreglustjóra um starfrækslu dróna. Þegar veiðieftirlitsmenn sáu til skipverja um borð varpa afla fyrir borð og aftur í sjó var sett á upptöku.



Í málinu liggja fyrir myndbandsupptökur sem sýna skipverja að störfum um borð og voru þeir m.a. að flokka afla sem komið hafði í veiðarfæri. Á þeim upptökum sem liggja fyrir í málinu sést þegar skipverjar varpa samtals tuttugu og níu (29) tegundagreinanlegum fiskum fyrir borð sem komið höfðu í veiðarfæri; tuttugu og einn sandkoli, fimm ýsur, tveir kolar og einn þorskur. Jafnframt sést þegar skipverji um borð varpar afla útbyrðis sem safnað hafði verið í körfu, allt að tuttugu bolfiskar. Var aflinn tegundagreindur af sérfræðingum Fiskistofu og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem leitt getur til þess að skýrsla veiðieftirlitsmanna sé dregin í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim var lýst af hálfu veiðieftirlitsmanna. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Umrædd myndbönd sýna með skýrum hætti að tilgreindur afli féll fyrir borð í umræddu fiskiskipi málsaðila umrædda daga fyrir tilstilli skipverja um borð. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikla þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun sína. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tuttugu og níu tilgreindu fiskum sem að framan greinir og komið höfðu í veiðarfæri, í umræddum veiðiferðum 16. og 23. nóvember 2021.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Rifsari SH-70 (1856) er talin varða við 2. mgr. 2.gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Líta verði til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem komi í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í máli þessu er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Þó hefur ekki verið um mikinn ávinning að ræða með hliðsjón af magni þess afla sem kastað var. Brotin ógna jafnframt hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafkastur fyrir íslensku þjóðina.

Myndbandsupptökur þær sem liggja fyrir í málinu sýna með skýrum hætti lögbrot áhafnar um borð í fiskiskipinu Rifsari SH-70 (1856), í umræddum veiðiferðum, þegar hún varpar þegar veiddum afla aftur í sjó. Vinnubrögð hennar og framgangna gefur í skyn að um viðhöfð vinnubrögð sé að ræða en af myndbandsupptökum að dæma er aflanum kastað aftur í sjó af yfirlögðu ráði og án nokkurrar umhugsunar, í skeytingarleysi við settar háttænisreglur í lögum. Fiskistofa horfir í þessu samhengi til þess hvernig verknaðinum sjálfum var háttáð, þeim

hagsmunum sem verknaðurinn beindist að og verknaðaraðferðar í umrædd skipti. Af háttsemi skipverja má ráða, að þeir hafi með skipulögðum hætti flokkað veiddan afla, sem komið hafði í veiðarfæri, eftir stærð og verðgildi, og varpað verðminni afla fyrir borð en hirt vænni afla, og eftir atvikum frekar hirt sóknartegundir (þorskur). Að mati Fiskistofu var háttsemi skipverja ámælisverð með hliðsjón af því hvornig þeir báru sig að við verknaðinn og þeim annarlegu hvötum sem að öllum líkindum lágu að baki háttsemi þeirra. Þá er sérstaklega litið til þess þegar skipverjar söfnuðu veiddum afla í kórflu áður en honum var varpað fyrir borð. Sú verknaðaraðferð gefur til kynna að verknaðurinn hafi verið skipulagður og ef til vill umrædd aðferð valin til að reyna að leyna broti. Að mati Fiskistofu voru brot áhafnar ámælisverð og endurtekin, og gefa sterklega til kynna að brottkast með framangreindum hætti sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttensisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til þess að Fiskistofa veitti málsaðila áminningu vegna brota á lögum nr. 57/1996, dags. 21. apríl 2021 (tilv. 2021-03-04-1543). Kemur fyrri áminning og ítrekunaráhrif hennar nú til skoðunar við mat á stjórnsýsluviðurlögum. Málsaðila hafi mátt vera ljóst að honum bar að gera ráðstafanir til að tryggja að háttsemi hans við framkvæmd veiða bryti framvegis ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/1996. Jafnframt er litið til háttsemi skipverja í umræddum veiðiferðum og til þeirrar staðreyndar að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð (29 stk.) og til þeirrar staðreyndar að um tvær aðskildar veiðiferðir er að ræða þar sem brotin voru framin á stuttum tíma í hvort sinn. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Það er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð brot sé að ræða, framin af beinum ásetningi, og voru brotin alvarleg með hliðsjón af verknaðaraðferð. Kemur lágmarkssvipting því ekki til greina. Um ítrekuð brot er að ræða sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Brotin teljast ekki minniháttar í skilningi 2. mgr. 2. gr. sömu laga og um tvö aðskilin brot er að ræða. Af þeim sökum telur Fiskistofa að svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni væri hæfilega ákvörðuð fjórar vikur. Verulegur dráttur hefur orðið á meðferð málsins hjá Fiskistofu sem málsaðila verður ekki um kennt. Brot áttu sér stað í nóvember 2021 og niðurstaða málsins liggur nú fyrir rúmum þrettán mánuðum síðar. Að því virtu telur Fiskistofa, og í ljósi ítrekunaráhrifa skv. 19. gr. laga nr. 57/1996, sem og atvika að öðru leyti með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, að umrædd brot varði sviptingu veiðileyfis í atvinnuskyni, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga, í tvær vikur.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Rifsari SH-70, skipaskrárnúmer 1856, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 3. febrúar 2023 og til og með 16. febrúar 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða með dragnót skv. 1. gr. reglugerðar nr. 963/2019 um veiðar með dragnót við Ísland. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.



FISKISTOFA

TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

